

Sjóræningjaspil

sjá myndir á næstu blaðsíðu

Efni:

- pappaspjald í ca. stærð 30x55 cm.
- kartonpappír í sömu stærð
- ca. 13 myndir af hausnúpa (4x3 cm)
- ca. 12 myndir af fjársjóðskistu (5x5 cm)
- mynd af sjóræningjaskipi (4x6 cm)
- nokkrar myndir af sjóræningjastelpum og strákum (2x3 cm)
- hvítir reitir ca. 64 stk. í stærðinni 2x2 cm.
- Byrja reitur ca. 3x4 cm
- bókaplast
- lím
- slatti af skrautsteinum til að nota sem fjársjóð
- teningur og spilakarlar

Aðferð:

- klippið til pappann í rétta stærð og límið jafnstóran kartonpappír á pappann
- límið Byrja reitinn, hvíta reiti, fjársjóðskistur og hausnúpur með reglulegu millibili að enda reit sem er sjóræningjaskipið.
- Ef pláss er efst á spjaldinu er upplagt að líma myndir af sjóræningjum þar sem skraut
- plastað með bókaplasti

Spilið:

Spilið er fyrir 2-4. Allir byrja með 10 skrautsteinum en það þurfa að vera afgangsteinar sem eru hafðir aðgengilegir þeim sem spila. Teningi kastað og spilakarlinn færður áfram jafnmarga reiti. Ef lent er á hausnúpu á að skila einum steini en ef lent er á fjársjóðskistu á að taka einn stein. Spilið gengur síðan á þennan hátt þar til allir eru komnir í sjóræningjaskipið sem er endareiturinn. Þá er komið að uppgjöri sem felst í því að hver telur sína steina til að finna út hver á mesta fjársjóðinn.

Ath.

Ég skrifa gjarnan spilareglurnar aftan á spjaldið með túss og plasta yfir það.

